

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Sigurður Ólafsson, á að greiða 4 kr. sekt, er renni í hlutaðeigandi hreppsjóð; svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir landsyfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 8 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 38/1887.

Hið opinbera
gegn
Þorkeli Pálssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í hjeraði höfðað eptir fyrirskipun Norður- og Austuramtsins gegn hinum kærða, Þorkeli Pálssyni, fyrir óleyfilega lyfjaverzlun eða brot á móti einkaleyfi lyfsölumanna á Íslandi eptir tilskipun 4. desember 1672, og var það dæmt í lögreglurjetti Skaga-fjarðarsýslu hinn 23. nóvemberm. 1885 þannig, að hinn kærði var sýknaður í málinu, og málskostnaður lagður á hið opinbera.

Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. marzmán. þ. á.

Hinn kærði hefur játað það, og er sú játning hans

samkvæm öðrum skýrslum málsins, að hann hafi eigi all-sjaldan eptir beiðni manna látið úti homópathísk meðöl, og að hann hafi þegið borgun fyrir þau, er sam-svaraði verði þeirra, þá er honum hafi verið boðin hún, en aldrei hafi hann heimtað borgun fyrir meðölin, því að hann hafi sagt beiðendum, að þeir væru sjálfráðir, hvort þeir greiddu nokkra þóknun fyrir þau eða ekki. Meðölin tjáist hann hafa fengið hjá tveim nafngreindum mönnum, en eigi í löggiltri lyfjabúð, enda hefur hann borið það fram, að homópathísk meðöl muni þá eigi hafa fengist í lyfjabúðum landsins. Með því á þennan hátt án lögheimildar að láta af hendi fyrir borgun læknislyf, þótt þau sjeu kölluð homópathísk, hefur hinn kærði gjörzt brotlegur gegn fyrirmælum í tilskipun 4. desbr. 1672, 30. gr., sbr. 11. gr., sbr. enn fremur Instrúx fyrir landlækni 25. febr. 1824, 18. gr., og Instrúx fyrir hjeradslækna 25. febr. 1824, 17. gr., og verður hann því að sæta sekt fyrir þennan verknað, er þykir með tilliti til konungsbrjefs 17. janúar 1783 í sambandi við Kansellí-brjef 16. septbr. 1797 hæfilega ákveðin 4 krónur, og renni í hlutaðeigandi hreppsjóð. Allan kostnað málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi á hinn kærði að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 8 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Þorkell Pálsson, á að greiða 4 kr. sekt til hlutaðeigandi hreppsjóðs; svo greiði hann

og allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 8 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. ágústmán.

Nr. 32/1887.

Sigurður Waage verzlunarstjóri
gegn

Valgarði Breiðfjörð kaupmanni.

D ó m u r :

Í októbermánuði síðastliðið haust voru fluttar í land úr póstgufuskipinu nokkrar vörur, alls 4 »colly«, tilheyrandi hinum stefnda, Valgarði kaupmanni Breiðfjörð, á uppskipunarbát verzlunar kaupmanns Jóns O. V. Jónssonar, sem áfrýjandinn Sigurður Waage veitti forstöðu. Vörur þessar ljet hinn stefndi sækja, og voru honum viðstöðulaust afhentar þær, en þegar hann síðar var krafinn um uppskipunargjaldið, neitaði hann að greiða það. Í næsta mánuði á eptir fluttust aptur í land á uppskipunarbát sömu verzlunar ýmsar vörur tilheyrandi hinum stefnda, alls 5 »colly«. Hinn stefndi vildi nú hvorki greiða uppskipunargjald fyrir þessar vörur, nje heldur hinar vörurnar, sem fluttar voru í land í októbermánuði. Stefnandinn ljet þó allar vörurnar af hendi við stefnda, þegar þeirra var vitjað, nema 1 sykirkassa (kandískassa); honum hjelt hann eptir til tryggingar